

Umhverfisstofnun Áb. <i>SF</i>
02 APR. 2004 <i>54.55</i>
Tilv. <i>UST20040300093</i>

Hönnun hf
Rúnar D. Bjarnason
Síðumúla 1
108 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Þráttarvegur 24
108 Reykjavík, Ísland

Þ: (+354) 591 2000

Fax: (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

1. apríl 2004

Tilvísun: UST20040300093/sf

Landfyllingar við Gufunes - drög að tillögu að matsáætlun

Vísað er til bréfs Hönnunar dags. 9. mars sl. þar sem óskað er eftir ábendingum Umhverfisstofnunar við drög að tillögu að matsáætlun landfyllinga við Gufunes í samræmi við 14. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri.

Skipulag

Í drögum að tillögu að matsáætlun kemur fram að gert sé ráð fyrir fyrirhuguðum landfyllingum í aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024. Umhverfisstofnun ítrekar eftirfarandi ábendingar er fram komu í umsögn stofnunarinnar um matskyldu framkvæmdarinnar dags. 27. mars 2003:

„Samkvæmt þeim upplýsingum sem koma fram í greinargerð Hönnunar er um tvo áfanga landfyllingar að ræða. Fyrri áfanginn felst í 38 ha landfyllingu við vestanvert Gufunes og síðari áfanginn í 13 ha fyllingu út frá norðanverðu nesinu. Í umhverfismati aðalskipulags Reykjavíkur 2001-2024 er umfjöllun um nýbyggingarsvæði við Gufunes á landfyllingu og kemur þar fram að stærð landfyllingar er 46 ha og gróflega áætluð efnishörf 4,1 milljón rúmmetra. Því er um að ræða stærri landfyllingu en gert er ráð fyrir í staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur. ”

Umhverfisstofnun bendir á að afmörkun landfyllingar við norðanvert Gufunes, sbr. mynd 1 í drögum að tillögu að matsáætlun, miðast við lögum skilgreinds hafnar- og athafnasvæðis í Geldinganesi í staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur. Borgarráð Reykjavíkur hefur hins vegar nýlega samþykkt viljayfirlýsingu tíu sveitarfélaga um sameiningu Reykjavíkurhafnar, Akraneshafnar, Grundartangahafnar og Borgarneshafnar í eitt fyrirtæki frá og með 1. janúar 2005. Í samþykkt borgarráðs segir m.a.:

„Með sameiningu Reykjavíkurhafnar, Akraneshafnar, Grundartangahafnar og Borgarneshafnar, verður ekki lengur þörf fyrir uppbyggingu nýs hafnarsvæðis fyrir Reykjavík í Geldinganesi. Því er skipulags- og byggingarnefnd falið að hefja undirbúning að breytingu aðalskipulags Geldinganes. Þannig verði hluta svæðisins breytt í blandaða byggð, með áherslu á íbúða- og atvinnusvæði. ”

Umhverfisstofnun bendir á að vegna fyrirhugaðrar breytingar á landnotkun í Geldinganesi væri ástæða til að endurskoða afmörkun, lögum og stærð fyrirhugaðra landfyllinga enda þarf svæðið væntanlega ekki lengur að taka mið af lögum hafnar- og athafnasvæðis samkvæmt núgildandi aðalskipulagi. Jafnframt bendir stofnunin á að við endurskoðun áætlaða um landnotkun í Geldinganesi ætti að taka tillit til þess að strandsvæði eru tilvalin til útivistar. Leggja ætti áherslu á að halda ströndinni við Geldinganes, í Eiðsvík og nágrenni óraskaðri eftir því sem kostur er og gera þar ráð fyrir aðgengi almennings.

Umhverfisstofnun bendir á að í umhverfismati aðalskipulags Reykjavíkur 2001-2024 kemur fram að unnið verði sérstakt umhverfismat samhliða deiliskipulagsvinnu vegna nýrrar byggðar á svæðinu og það kynnt íbúum í grenndinni. Stofnunin bendir á að æskilegast væri að gera heildstætt mat á umhverfisáhrifum landfyllingar og skipulagi byggðar á svæðinu, þar sem m.a. væri gerð grein fyrir sjónrænum áhrifum, s.s. fyrir íbúa í Rimahverfi. Í því sambandi má benda á að tilgangurinn með landfyllingunni er fyrst og fremst að skapa land fyrir samfellda og þetta byggð og að án áforma um byggð á svæðinu væri ekki þörf á landfyllingu á þessum stað.

Efnisnám

Í drögum að tillögu að matsáætlun kemur fram að efnisþörf er gróflega áætluð um 4,5 milljónir rúmmetra. Áætluð grjótpörf í garðana er um 0,15 milljón rúmmetra. Til uppfyllingar verður annars vegar notað sjódælt efni en hins vegar fyllingarefni sem til fellur, aðallega vegna framkvæmda annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Í sjóvarnargarða verður að mestu notuð sprengd klöpp úr Geldinganesi ásamt grjóti sem til fellur vegna jarðvinnuframkvæmda.

Eins og bent er á hér að framan hefur borgarráð Reykjavíkur, í kjölfar viljayfirlýsingar um sameiningu hafna, falið skipulags- og byggingarnefnd að hefja undirbúning að breytingu aðalskipulags Geldinganes og verði hluta svæðisins breytt í blandaða byggð, með áherslu á íbúða- og atvinnusvæði. Umhverfisstofnun telur að í matsáætlun verði að koma fram hvort breytt landnotkun í Geldinganesi geti haft áhrif á fyrirhugaða efnistöku í Geldinganesi og ef svo er, hvar efni verður þá tekið til framkvæmdarinnar. Jafnframt telur stofnunin nauðsynlegt að fram komi hvaða efnistökuástandir komi til greina, þ.m.t. hvar efni verði dælt upp af hafsbötni.

Umhverfisstofnun ítrekar einnig eftirfarandi ábendingar varðandi efnistöku er fram komu í umsögn stofnunarinnar um matsskyldu framkvæmdarinnar dags. 27. mars 2003:

„Umhverfisstofnun bendir á að í umhverfismati aðalskipulags Reykjavíkur 2001-2024 segir m.a. að helstu umhverfisáhrif landfyllinga séu vegna fjöru sem undir þær fer auk umfangsmikillar efnistöku sem þeim fylgir. Þar er lagt til að Reykjavíkurborg skoði efnistökuástand vegna landfyllinga í heild, þannig að yfirsýn fái um umfang þeirra og hvaðan efni verður sótt. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þessu verði fylgt eftir enda um mikið magn efnis að ræða. Stofnunin telur miklu skipta hvaðan efni verður tekið til framkvæmdanna.”

Mengun

Umhverfisstofnun bendir á að auk þess að kanna mengun sets er nauðsynlegt að athuga hvort gasmengunar gætir í Gufunesi enda var þar áður urðunarstaður fyrir sorp. Slíkt er nauðsynlegt vegna fyrirhugaðrar byggðar á svæðinu en gas sem myndast rennur undan halla og getur safnast í lögðir og jafnvel kjallara húsa. Þrátt fyrir að skipulag fyrirhugaðs íbúðarsvæðis sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum lögum samkvæmt verður að tryggja öryggi fyrirhugaðrar

íbúðarbyggðar og huga að þáttum eins og hugsanlegri gasmengun.

Umhverfisstofnun bendir á að ef mengað sigvatn rennur stöðugt um lagnaleiðir er talinn möguleiki á að ýmis mengandi efni, s.s. PAH-efni, berist inn í plastleiðslur fyrir neysluvatn. Tryggja verður að sú hætta skapist ekki, m.a. með því að huga að legu lagna í landinu.

Fuglalíf

Í drögum að tillögu að matsáætlun kemur fram að unnið er að fuglatalningum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði til að bæta við þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir og verða niðurstöður þeirra talninga birtar í matsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að auk þess að greina frá niðurstöðum framangreindra rannsókna þarf að birta niðurstöður vetrarfuglatalninga, en eins og fram kemur í drögum að tillögu að matsáætlun hafa þær farið fram í Reykjavík árlega frá 1952.

Útivist

Í drögum að tillögu að matsáætlun segir m.a.:

„Það land sem liggur að fyrirhuguðum landfyllingum hefur ekki verið skilgreint sem útivistarsvæði í aðalskipulagi. Stofnstígur liggur meðfram Strandvegi töluvert austur af svæðinu.“

Umhverfisstofnun bendir á að suður og austur af því svæði sem skilgreint er fyrir blandaða byggð í Gufunesi í aðalskipulagi Reykjavíkur er svæði sem skilgreint er sem opið svæði til sérstakra nota. Fram kemur í skýringarblaði AR17 (Heildarskipulag útivistarsvæða) með aðalskipulaginu að öll útivistarsvæði innan byggðar eru skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota í aðalskipulagi Reykjavíkur. Þar kemur jafnframt fram að samkvæmt aðalskipulaginu er gert ráð fyrir þjónustu- og upplýsingamiðstöðvum fyrir útivistarsvæði borgarinnar á nokkrum stöðum. Einn þeirra er Gufunesbær.

Dýpkunarefni

Í drögum að tillögu að matsáætlun kemur fram að grafa verður rennur inn á fyllingarsvæðin til að sanddæluskip geti athafnað sig þar. Umhverfisstofnun bendir á að í kafla 2.5 í drögum að tillögu að matsáætlun segir að **samráð** verði haft við Umhverfisstofnun varðandi meðhöndlun dýpkunarefnis sbr. lög nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar. Stofnunin bendir á að **leyfi** stofnunarinnar þarf til að varpa efni í hafið eins og réttilega kemur fram í kafla 2.2. í drögum að tillögu að matsáætlun.

Laxfiskar

Í drögum að tillögu að matsáætlun er vísað til skýrslu Veiðimálastofnunar um farleiðir og gönguáttferli laxafiska á ósasvæði Elliðaánna þar sem m.a. kemur fram að farleiðir laxafiska liggja sitthvoru megin við Viðey og þar af leiðandi meðal annars um það svæði sem fyrirhugað er að fylla upp. Í matsskýrslu verður fjallað nánar um niðurstöður þeirrar skýrslu og hver möguleg áhrif gætu orðið á farleiðir fiska. Ekki verður farið út í sérstakar rannsóknir vegna þessa.

Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslu verði að koma fram með hvaða hætti megi tryggja að búsvæði og farleiðir fiska skaðist ekki við framkvæmdirnar. Jafnframt telur stofnunin æskilegt að metin verði hugsanleg sammögnunaráhrif með öðrum fyrirhuguðum framkvæmdum á svæðinu. Umhverfisstofnun tekur undir það álit Veiðimálastjóra sem vísað er til í drögum að tillögu að matsáætlun þess efnis að nauðsynlegt sé að líta heildstætt á málin í framtíðinni.

Jarðfræði

Í drögum að tillögu að matsáætlun kemur fram að notast verður við fyrirbyggjandi heimildir til að greina frá jarðfræði framkvæmdasvæðisins í matsskýrslu. Umhverfisstofnun bendir á að fram þarf að koma hvort og þá hvaða áhrif framkvæmdin mun hafa á jarðfræðiminjar. Benda má á að á Gufuneshöfða eru jökulminjar, sbr. svæði nr. 127 á náttúruminjaskrá.

Straumar

Í tengslum við fyrirspurn um matsskyldu fyrirhugaðra landfyllinga við Gufunes voru gerðir líkanreikningar til að meta áhrif landfyllinganna á strauma. Í drögum að tillögu að matsáætlun er vísað til þeirra útreikninga.

Umhverfisstofnun benti á það í umsögn sinni um matsskyldu framkvæmdanna að æskilegt væri að athuga með breytingar á straumum með hliðsjón af öllum þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á svæðinu, þ.m.t. landfyllingum og Sundabraut, og líta þannig á þær í heild sinni. Jafnframt benti stofnunin á að samkvæmt myndum með viðauka 3 í greinargerð Hönnunar virtist fyrir tilfelli A (sjávardýpi áður en landfyllingar eru gerðar) og E (sjávardýpi eftir landfyllingar) vera gert ráð fyrir mismunandi stórum landfyllingum.


Framsetning gagna


Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lið 3.c. í 13. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum skal í matsáætlun m.a. koma fram eftir umfangi og eðli framkvæmdar, eftir því sem við á, lýsing á því hvernig fyrirhugað er að standa að mati á umhverfisáhrifum, s.s. um gagnaöflun, rannsóknarsvæði, tímasetningu athugana, tíðni mælinga, úrvinnslu gagna, aðferðir við mat og framsetningu niðurstaðna.

Umhverfisstofnun telur að í matsáætlun fyrir landfyllingar við Gufunes þurfi að koma skýrt fram hvernig fyrirhugað er að setja fram niðurstöður þeirra rannsókna sem nú þegar hafa farið fram vegna framkvæmdarinnar og þeirra rannsókna sem fyrirhugaðar eru. Stofnunin telur ekki nægjanlegt að eingöngu komi fram að gerð verði grein fyrir niðurstöðum rannsókna í matsskýrslu. Í matsskýrslu þarf að sýna afmörkun rannsóknarsvæða og skýra frá því hvernig staðið var að rannsóknum.

Umhverfisstofnun bendir á að framangreindar athugasemdir og ábendingar ber ekki að skoða sem endanlega umsögn eða álit stofnunarinnar. Stofnunin áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri við formlega umfjöllun um matsáætlunina skv. 8. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og 15. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,


Sigurrós Friðriksdóttir


Helgi Jensson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs